



FORNLEIFASKRÁNING

Holt í Önundarfirði

Ragnar Edvardsson



0 12 m



*Afstöðumynd af Holti í Öndarfirði.*

© Þjóðminjasafn Íslands/Ragnar Edvardsson  
Rit þetta má afrita að fengnu skriflegu leyfi höfundar.

# Fornleifaskráning.

## Holt í Önundarfirði

### 1. kafli Inngangur

Um páskaleytið kom Guðmundur Ólafsson, forstöðumaður fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands, að máli við mig og óskaði eftir því að ég tæki að mér fornleifaskráningu í landi Holts í Önundarfirði, Mosvallahreppi (4704). Fornleifaskráningu þarf að framkvæma vegna fyrirhugaðs byggðarkjarna í landi Holts að beiðni Gests Ólafssonar hjá Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofunni hf.

Áhersla var lögð á að fornleifaskráning færi fram sem fyrst. Vegna veðurs gat ekki orðið af vettvangskönnun í byrjun apríl, eins og fyrirhugað var. Það var ekki fyrr en 25. apríl og svo aftur 1. maí að veður lagaðist svo að hægt var að gera vettvangskönnun.

Við fornleifaskráninguna var eftirfarandi aðferð beitt: Fyrst voru leitaðar uppi allar þær heimildir sem gætu gefið upplýsingar um staðsetningu minja á svæðinu. Síðan var reynt að finna heimildarmann sem gæti gefið frekari upplýsingar. Eftir mikla leit fannst loks heimildarmaður, Ragnhildur Jóna Jónsdóttir. Ragnhildur fæddist að Holti 25. október 1933 og bjó þar í allmörg ár. Að lokum var gengið yfir allt skipulagssvæðið og minjar skráðar og staðsettar með staðsetningartæki. Bæði voru skráðar minjar sýnilegar í yfirborði og minjar sem ekki sáust en heimildir og heimildarmaður gáfu til kynna hvar verið höfðu.

Eingöngu voru þær fornminjar skráðar sem eru á tilvonandi skipulagssvæði. Minjar sem eru fyrir utan svæðið eru því enn óskráðar.

### 2. kafli Saga

Holt í Önundarfirði á sér langa sögu og finnst í ýmsum heimildum. Hluti Gísla sögu Súrssonar gerist í Önundarfirði og þar er Holts getið<sup>1</sup>. Jörðin liggur fyrir miðjum Önundarfirði og er víðsýnt í allar áttir. Holt er mikil hlunnindajörð og er því sennilegt að byggð hafi hafist þar á landnámsöld.

Holt kemur einnig fyrir í Sturlungasögu. Þar hefur staðurinn hlutverki að gegna í stjórn málaþróun 13. aldar. Staðarhaldari þar frá 1230 var Steinþór Steinþórsson, sem var talinn einn mesti staðarhaldari á Vestfjörðum<sup>2</sup>. Árið 1230 kom Sturla Sighvatsson þangað til að semja frið við Vatnsfirðinga<sup>3</sup>. Veturinn 1234-5 kom Snorri Magnússon frá Aðalvík þangað í þeim tilgangi að sameina staðarhaldarana á svæðinu gegn Órækju<sup>4</sup>. Árið 1241 var Holt aftur fundarstaður stríðandi aflu á Vestfjörðum. Í þetta

---

<sup>1</sup>Gísla saga Súrssonar, bls. 31

<sup>2</sup>Sturl, 468

<sup>3</sup>Sturl, 327

<sup>4</sup>Sturl, 366-67

sinn voru það Órækja og Illugi Þorvaldsson sem hittust þar. Sá fundur endaði með því að Illugi var drepinn<sup>5</sup>.

Svo virðist sem Steinþór hafi verið nokkuð sjálfstæður, að mestu laus undan valdi ríkjandi afla á Vestfjörðum og haft talsverð áhrif. Önundarfjörður var of lítill til að þar væri höfðingi en nógu stór og einangraður til að hafa sinn eigin foringja sem gat staðið upp í hárinu á höfðingjunum. Það getur því verið að Steinþór hafi gengt þessu hlutverki ásamt öðrum mikilvægum staðarhöldurum þessa tíma eins og Guðmundi Sigríðarsyni á Kirkjubóli í Önundarfirði.

Kirkja hefur að öllum líkindum verið reist þar um eða eftir miðja 11. öld en elsta heimild um kirkju á Holti er kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200.<sup>6</sup> Kirkjan þar var helguð heilögum Lárentíusi. Kirkjan eignaðist síðan lönd og eignir á fyrri hluta 12. aldar. Holt varð miðstöð kirkjustjórnunar á Vestfjörðum á seinni hluta 13. aldar og hélt þeirri stöðu um aldir.

Af heimildum má ráða að Holt hafi verið ríkt setur og átt miklar eignir í Önundarfirði. Í máldaga kirkjunnar frá 1377 segir: *(Holt) á heimalannd allt arnkelzbrecku. vadla og Þorólfsstadi (reka, skóg, kúgildahöfn, beit). Þanngað liggja unndir ellefu bæir oc xx tyundum oc lysitollum. þar skulu vera prestar ij. Þangad liggur eyristollur af hverium skattmanni millum audna j kialkafirdi og kleifua j seydisfirdi;*<sup>7</sup> Augljóst er að kirkjan í Holti átti margar jarðir og hlunnindaítök og sóttust prestar eftir að komast þangað. Margir þekktir menn hafa búið í Holti en einn sá frægasti er eflaust Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti, en hann var fæddur á Holti<sup>8</sup>.

Um 1710 á Holt enn jarðirnar Vaðla og Þorólfsstadi, eins og áður, en Arnkelsbrekka er kominn í eyði. Uppblástur og skriðuföll tóku sinn toll af landi Holts, eins og svo víða á Vestfjörðum, en hlunnindi jarðarinnar héldust óbreytt að kalla<sup>9</sup>.

Á nítjándu öld minnkaði mikilvægi Holts og hlunnindi jarðarinnar voru ekki eins lífsnauðsynleg og áður. Jarðirnar Vaðlar og Þorustaðir urðu sjálfstæð býli. Með tilkomu Flateyrar var Holtssókn skipt í tvennt, Holtssókn og Flateyrarsókn. Eftir þá skiptingu var kirkjan í Holti ekki jafn nauðsynleg fyrir byggðarlagið og þjónar nú presturinn þar bæði Holtskirkju og Flateyrarkirkju. Samt sem áður má ekki gleyma að Holt í Önundarfirði geymir mikla sögu, bæði sögu Vestfjarða og sögu alls Íslands.

Hér að ofan hefur verið stiklað á stóru í sögu Holts. Samt gefur þessi útdráttur okkur góða mynd af því hversu mikilvægur staðurinn hefur verið fyrir sögu Vestfjarða og jafnvel alls landsins.

### 3. kafli Fornleifaskrá

Hér birtast skrár yfir minjar í Holtlandi. Tekið skal fram að í eftirfarandi skrá er eingöngu getið um minjar sem eru innan marka tilvonandi byggðarkjarna og svo þeirra sem er í kringum bæjarhúsin í Holti.

Í skránni er sýslu- og hreppsnafn skammstafað V-Ís. Mosvhr. (Vestur Ísafjarðarsýsla og Mosvallahreppur). Hver minjasstaður innan hreppsins fær hlaupandi númer. (Dæmi: V-Ís, Mosvhr. Holt 1 Bæjarhóll). Á eftir nafni og númeri fornleifarinnar fylgir hnattstaða í gráðum og mínútum. Mælingin var gerð með staðsetningartæki og er áætlað frávik 25 metrar að meðaltali. Ef fornleifarnar hafa

<sup>5</sup> Sturl, 434-35

<sup>6</sup> Kirknaskrá Páls, DI XII 14.

<sup>7</sup> Máld. DI III 324-325

<sup>8</sup> Landið. 95-96

<sup>9</sup> Á.M.,P.V.102-105

ekki fundist við vettvangskonun er hnattstöðunni sleppt. Í staðin fylgir lýsing að þeim stað þar sem fornleifarnar gætu leynst. Síðan er hætta metin og gert grein fyrir hættuorsök. Í landi Holts voru skráðar 16 minjar.

Tún hafa verið sléttuð, síðast um 1950 . Á Holti var nægur mósukurður en kol þurfti ábúandi að kaupa. Ýmis hlunnindi fylgdu svo jörðinni eins og áður segir.

Heimildarmaður: Ragnhildur Jóna Jónsdóttir f. að Holti 25. okt. 1933.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 1** Bæjarhóll

66 00 94N 23 26 08V

Á svæðinu á milli kirkju og íbúðarhúss. Norðanmegin við íbúðarhúsið þar sem bílskúr stendur nú. Íbúðarhúsið var byggt um miðja þessa öld en bílskúrin mun seinna. Kjallari er undir húsinu en enginn undir bílskúrnum. Engin merki sjást um gamla bæjarstæðið. (kort 2)

Hættumat: Mikið vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort frá 1918.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 2** Útihús, fjárhús

66 00 359N 23 26 129V

Í vesturátt frá íbúðarhúsinu í Holti sést hálfhruninn torfbygging í u.þ.b. 60 m fjarlægð. Upphaflega hefur verið um tvö hús að ræða en annað er hrúnið. Það sem stendur enn var notað til skamms tíma sem hesthús. Í vesturenda hússins er steypur grunnur (ekki niðurgrafinn). Heildarlengd er 29 m en breidd 22 m. (kort 2)

Hættumat: Stórhætta vegna hrörnunar og tilvonandi byggðarkjarna.

Heimildir: Túnakort frá 1918

**V-Ís, Mosvhr. Holt 3** Útihús, Fjós.

66 00 340N 23 26 075V

Í suðurátt frá íbúðarhúsinu í u.þ.b. 40 m fjarlægð. Þegar farið er eftir veginum sem liggur í suðurátt er svæði hægra megin við veginn. Svæðið er mjög þýft og gróið. Ekki mótast fyrir hleðslum en augljóst er að grjótið er undir. Fjósið hefur verið rífið og síðan sléttuð yfir. (kort 2)

Hættumat: mikið vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort frá 1918.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 4** Kálgarður

66 00 390N 23 26 057V

Kálgarðurinn var þar sem malarplan er núna. Fyrir framan íbúðarhúsið.

Heimildir: Túnakort frá 1918. (kort 2)

**V-Ís, Mosvhr. Holt 5** Öskuhaugur, Presthóll

66 00 430N 23 26 039V

Hóllinn stendur norðanmegin við kirkjuna og er auðþekkjanlegur vegna þess að á honum stendur minnismerki um Brynjólf biskup Sveinsson. Hóllinn er um 20 metrar á lengd og breidd.(kort 2)

Hættumat: mikið vegna ábúðar.

Heimildir: Örnst. ísl.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 6** Öskuhaugur  
057V

66 00 460N 23 26

Þegar staðið er upp á Presthóli og horft í átt til sjávar er lítill sporöskjulagaður hóll á vinstir hönd. Hóllinn er um 18 m á lengd og 8 m á breidd. Samkvæmt heimildarmanni á hóllinn að geyma taugaveikisveiru. (kort 2)

Hættumat: mikið vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnast. Þjms.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 7** hjáleiga-Sandhús  
912V

66 00 480N 23 25

Í heimild stendur: “3. Sandhús hafa líklega verið þar, sem Húsatúnið er nú...” Húsatúnið liggur fyrir norðan bæinn á milli bæjarins og sjávar. Rétt norðan við skurð sem grafinn var árið 1880. Samkvæmt heimildarmanni voru fjórar mjög greinilegar tóftir þarna sem sléttað var yfir. Enn mótar fyrir rústum. (kort 2)

Hættumat: Stórhætta vegna tilvonandi byggðarkjarna

Heimild: Örnefnast. Þjms.

**V-Ís, Mosvhr. Holt 8** hjáleiga-Borustaðir

Í örnefnalýsingu stendur: “1. Borustaðir voru úti í engi nálægt merkjum Þórustaða og Holts.” Í vettvangskönnun fundust engin merki um staðinn. Að öllum líkindum hefur bærinn staðið vestanmegin við Holt á því svæði sem nú eru engi og nýgrafnir skurðir. Nákvæm staðsetning óviss.

Heimild: Örnefnast. Þjms.

**V-Ís. Mosvhr. Holt 9** hjáleiga, Endagat

Í heimild stendur: “hjáleiga rétt utan túnhalans í Holti.” Samkvæmt heimildarmanni var túnhali í nnv frá skólabyggingunni þar sem nú hefur verið ræktaður skógur. Sennilega hefur Endagat staðið handan trjágróðursins í u.þ.b. 70-90 m frá skólanum. Nákvæm staðsetning óviss. (kort 2)

Heimild: Örnefnast. Þjms.

**V-Ís. Mosvhr. Holt 10** Skurður, Vatnsveita

Í heimild stendur: “Um 1880 veitti séra Stefán Stephensen Hjarðardalsá fram hjá Innri-Hjarðardal og heim á Holtsengi og heim að Holti milli Húsatúns og bæjar...” Skurðurinn er mjög greinilegur þar sem hann liggur norðanmegin við bæjarhólinn, kirkjuna og þar sem hann svo beygir svo í suðurátt út á Holtsengið. Skurður þessi var grafinn í þeim tilgangi að fá betra drykkjarvatn og að veita vatni á Holtsengið.

Hættumat: Stórhætta vega tilvonandi byggðarkjarna (kort 2)

Heimild: Örnefnast. Þjms.

**V-Ís. Mosvhr. Holt 11** tóft, Möggutóft

66 00 360N 23 25 045V

Í Suðvestur frá kirkjunni í u.þ.b. 30 metra fjarlægð. Rétt þar sem veita Stefáns Stephensen beygir og rennur síðan meðfram túninu fyrir aftan kirkjuna. Lítill þýfður

hóll 12 m á lengd og 7 á breidd. Þetta var lítið kot og síðast bjó þar kona er Margrét hét.

Hættumat: hætta vegna ábúðar (kort 2)

Heimild: Örnefnast. Þjms.

#### **V-Ís. Mosvhr Holt 12** Melavaðshús

Í heimild stendur: “Melavadshus aliis Peturshus aliis Bryniulfshus, hefur heitið við túnið...” Heimildarmaður kannaðist ekki við þetta nafn. Nákvæm staðsetning óviss.

Heimild: Jarðb. Á.M.,P.V.

#### **V-Ís. Mosvhr. Holt 13** Melavaðshús innra

Í heimild stendur: “Melavadshus innre hjet önnur hjáleiga sett á gömlu geldnauta fjósstæði...” Heimildarmaður kannaðist ekki við þetta nafn. Nákvæm staðsetning óviss.

Heimild: Jarðb. Á.M.,P.V.

#### **V-Ís. Mosvhr. Holt 14** Heiðnahús

Í heimild stendur: “Heiðnahus eður Haudnahus hjet býlisnefna í túnhalanum á Holti...”

Heimildarmaður kannaðist ekki við þetta nafn en mundi eftir tóftum á því svæði þar sem skólinn er nú. En skólinn liggur rétt við túnhalann og því gætu þær tóftir átt við þetta býli. Nákvæm staðsetning óviss. (kort 2)

Heimild: Jarðab. Á.M.,P.V.

#### **V-Ís. Mosvhr. Holt 15.** Stekkir

Í heimild stendur: “Fyrir innan Húsatún heita Grundir. Innarlega á þeim eru tóftir, nefndar Stekkir.” Þegar beygt er inn að Holti af þjóðveginum er svæði strax á vinstri hönd sem heimildarmaður sagði vera Stekki. Við vettvangskönnun sást ekki móta fyrir tóftum. Nákvæm staðsetning óviss. (kort 3)

Hættumat: Stórhætta vegna fyrirhugaðs byggðarkjarna

Heimild: Örnefnast. Þjms.

#### **V-Ís. Mosvhr. Holt 16** Túngarður

Á loftljósmynd sést móta fyrir túngarði. Túngarður þessi liggur frá Húsatúni, austur fyrir kirkjuna heldur svo áfram í suðurátt en sveigir síðan í vesturátt sunnan við kirkjuna. Við vettvangskönnun var ekki hægt að átta sig á þessum garði og því var erfitt að staðsetja hann. Við framkvæmdir getur hann komið betur í ljós og því er hann tekinn hér með. Nákvæm staðsetning óviss (kort 2,3).

Hættumat: hætta vegna fyrirhugaðs byggðarkjarna

Heimild: Loftljósmynd, flokkur M, númer 2511, tekin 14.07. 1993.

#### **4. Kafli Niðurstöður**

Í Holti voru skráðar 16 minjar, 1 bæjarhóll, 1 fjárhús, 1 fjós, 1 túngarður, 1 vatnsveita, 2 öskuhaugar, 8 hjáleigur eða kot og 1 kálgarður. Sumum þessara minja sér enn móta fyrir á yfirborði. Minjar sem heimildir fengust um eru settar á kort þó að

þær sjáist ekki lengur á yfirborði og staðsetning því óviss. Gera verður samt ráð fyrir að þær geti komið í ljós við jarðvegsröskun á svæðinu.

Norðan kirkjunnar er Húsatún og þar voru fjórar tóftir og ein þeirra hjáleiga. Við Húsatúnið, bæjarmegin, er veita sem grafin var 1880. NV skólans er túnhalinn og við hann eða á honum er heimild fyrir minjum. Austanmegin við kirkjuna alveg við þjóðveginn voru Stekkir. Allir þessir staðir lenda innan skipulagssvæðisins. Nauðsynlegt er því að taka tillit til þeirra við gerð skipulags byggðar í Holti.

Kort 1 er túnakort frá 1918 og gefur það hugmynd um byggðina við bæinn upp úr aldamótum. Á korti 2 og 3 er staðsetning fornminjanna sýnd miðað við mörk tilvonandi byggðarkjarna.

Holt í Önundarfirði telst með sögufrægustu stöðum á Vestfjörðum. Byggðarsaga staðarins nær yfir samfellt þúsund ár og má því gera ráð fyrir að miklar fornminjar leynist þar í jörðu. Nauðsynlegt er því að farið sé með gát varðandi allt jarðrask og komið sé í veg fyrir að mikilvægar fornminjar glatist. Það verður best gert með því að hafa gott fornleifaeftirlit á svæðinu á meðan framkvæmdum stendur.

Bolungarvík, 7. maí 1996

Ragnar Edvardsson, fornleifafræðingur

## Heimildir

### Prentaðar heimildir

Árni Magnússon, Páll Vídalín: *Jarðabók, Ísaffarðar- og Strandasýsla*, 7. bindi, Rvk 1984.

*Gísla Saga Súrssonar*, Rvk 1985.

*Sturlunga saga*, Rvk. 1988.

Þorsteinn Josepsson, Steindór Steindórsson: *Landið þitt Ísland*, bindi H-K, Rvk 1984.

*Íslenskt Fornbréfasafn*, I-IV. bindi.

### Aðrar heimildir

Túnakort frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örmefni. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns Íslands.

### Heimildarmaður

Ragnhildur Jóna Jónsdóttir.